



Reykjavík, 25. janúar 2024

Skógarhlíð 18 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. janúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafn Hlökkverssonar, dags. 9. nóvember 2023, ásamt bréfi, dags. 7. nóvember 2023 um að breyta aðkomu á lóð nr. 18 við Skógarhlíð sem felst í að heimilt verði að aka af afreininni frá Bústaðarvegi beint inn á lóð, akstur gegnum lóð nr. 16 við Bústaðarveg verði aflagður og að útakstur frá lóðinni verði áfram leyfður í gegnum Bensínstöðvarlóðina nr. 3 við Bústaðarveg, samkvæmt uppdr. Mansard teiknistofu, dags. 7. nóvember 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skógarhlíð 10 er á svæði sem merkt er sem miðsvæð M7.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Skógarhlíð, samþykkt í borgarráði 10. apríl 2001, með síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess að heimilaður verði inn og útakstur frá lóðinni nr. 18 við Skógarhlíð með nýrri tengingu við afreinina sem liggur suðvestan við lóðina frá Bústaðarvegi að Skógarhlíð 16. Afreinin liggur í dag í gegnum óbyggðu lóðina nr. 3 við Bústaðarveg og að Skógarhlíð 16 þar sem er gömul bensín- og smurstöð Skeljungs. Á lóðinni nr. 3 við Bústaðarveg er skv. gildandi deiliskipulagi heimild fyrir bensínstöð með sjálfsafgreiðslu. Lóðarhafi beggja lóða er sá sami, Reir þróun ehf,

Samkvæmt samkomulagi Reykjavíkurborgar og Skeljungs hf. frá 25. júní 2021 (sem Reir þróun ehf. hefur síðar tekið við af Skeljungi) er gert ráð fyrir uppbyggingu og breyttri nýtingu á lóðinni nr. 16 við Skógarhlíð. Hugmyndir lóðarhafa gera ráð fyrir að umræddar lóðir verði sameinaðar og því verði ekki bensínafgreiðsla á lóðinni nr. 3 við Bústaðarveg. Gangi þær hugmyndir eftir verður afrein frá Bústaðarvegi fjarlægð og aðkoma að lóðinni nr. 16 eingöngu frá Skógarhlíð.

Af þessum sökum er ekki hægt að fallast á að lóðin nr. 18 við Skógarhlíð tengist núverandi afrein frá Bústaðarvegi.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í fyrirspurnina.

- Gert er ráð fyrir að afreini verði aflögð samhliða uppbyggingu og breyttri notkun á lóðunum nr. 16 við Skógarhlíð og nr. 3 við Bústaðaveg.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Ingibergsson, sérfræðingur hjá hverfisskipulagi